

# Fundargerð stjórnar GLÍ

Stjórn kosin 28. september 2025

## 15. stjórnarfundur - haldinn 21. apríl 2026 kl. 14:00 á skrifstofu GLÍ

Mættir; Rögnvaldur, Kjartan, Sigmundur, Lambi og Sigurjón.

Fyrirliggjandi dagskrá:

1. Samþykkt fundargerða
2. Íslandsglíman 2026 í Búðardal
3. Glímuping
4. Önnur mál

### 1. Fundargerðir

Fundargerðir 12, 13 og 14 yfirfarnar og samþykktar.

### 2. Íslandsglíman í Búðardal 11. apríl 2026.

Kjartan, sem er formaður mótanefndar, fór yfir helstu atriði varðandi Íslandsglímuna. Mótið gekk mjög vel og stóðu keppendur og starfsmenn sig ákaflega vel. Heiðursgestir voru Willum Þór Þórsson forseti ÍSÍ, sem einnig afhenti verðlaun í karlaflokk; Jóhann Pálmason og frú, auk Jóhönnu Sigrúnu Árnadóttur sem er formaður Ungmennasambands Dalamanna en hún afhenti verðlaun í kvennaflokk.

Allar tímasetningar stóðust og hófst fyrsta viðureign kl. 14 og lauk þeirri síðustu kl. 15:05. Að lokinni verðlaunaafhendingu fluttu Rögnvaldur Ólafsson, formaður GLÍ og Willum Þór, forseti ÍSÍ, ávörp. Bíða þurfti nokkuð eftir endanlegum úrslitum í fegurðarglímu.

Sélega ánægjulegt er að Landinn var á staðnum og auk þess að Íslandsglímunnar voru gerð góð skil í þætti Landans, sunnudaginn 19. apríl, þá var fjallað um mótið í fréttatíma Sjónvarpsins á mótsdegi.

### 3. Glímuping 2026

Stefnt er að Glímupingi, laugardaginn 6. júní. 2026.

### 4. Önnur mál

- a. Samtal er í gangi við forsvarsmenn Skólahreysti, hvernig koma megi glímunni að í Skólahreysti.
- b. Viðræður eru við einn aðila um að taka við formennsku í GLÍ.
- c. Rætt hefur verið við lögfræðing GLÍ um næstu skref í málum varðandi kröfur frá fyrrverandi framkvæmdastjóra.
- d. Bókari er ennþá að vinna í færslu bókhalds fyrir 2025 og vonast til að klára í maí. Reikningar vegna utanlandsferða verða sendir út á næstu dögum.
- e. Skv. reglugerð um Hjálmshornið, verðlaunagripinn fyrir fegurðarglímu sem keppt er um samhliða Íslandsglímunnar, skal keppa um gripinn í 25 skipti. Í reglugerðinni kemur líka fram að GDÍ skuli tilnefna einn dómara.
- f. Lambi ræddi lög GLÍ. Það er álit stjórnar að breyta þurfi 2. gr. laganna og skerpa á stöðu glímunnar sem þjóðarípróttar. Lambi mun ræða málið við lögfræðing ÍSÍ og koma með

# Fundargerð stjórnar GLÍ

Stjórn kosin 28. september 2025

tillögu til lagabreytingar á næsta stjórnarfund. Verði hún samþykkt af stjórn, þarf að senda tillögu um lagabreytingu með fundarboði á Glímuþing.

- g. Óskað hefur verið eftir tilboði í gerð nýs leðurbeltis á Grettisbeltið, en núverandi beltí er mjög snjáð.
- h. Komið er tilboð í prentun á ársskýrslu GLÍ. Gert er ráð fyrir að prenta 50 eintök.

Fundarritari: Sigurjón Leifsson

Fundi slitið kl. 15:10. Stefnt er að næsta stjórnarfund, þriðjudaginn 5. Maí.

Staðfesting stjórnarmanna:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_